

---

## 23. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 19. febrúar 2014 kl. 8:00.

### Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skóladagatal 2014-2015
2. Skólaráð, ýmsar upplýsingar
3. Dagsetning funda
4. Skólaþing
5. Rýnihópur vegna „Ytra-mats“
6. Önnur mál

### Fundargerð 22. skólaráðsfundar var lögð fram og samþykkt.

#### 1. Skóladagatal 2014-2015

Skóladagatal fyrir skólaárið 2014-2015 var tekið fyrir.

Samþykkt var af skólaráði að færa foreldradag frá 8. október til 29. október.

Skóladagatal Lækjarskóla fyrir skólaárið 2014-2015 var afgreitt og samþykkt af skólaráði með öllum greiddum atkvæðum.

#### 2. Skólaráð, ýmsar upplýsingar

Rætt um einelti á netinu.

#### 3. Dagsetning funda

Tillaga um dagsetningar skólaráðsfunda verður send til fundarmanna.

#### 4. Skólaþing

Skólaþing. Fyrirhugað er að halda skólaþing 5.-9. maí eða 12.-16. maí kl. 13-15.

Opinn skólaráðsfundur getur verið innan dagskrár Skólaþings og þá útvíkkaður fyrir nemendur, foreldra og aðra áhugasama aðila. Allir geta komið, skipt verður í hópa þar sem rætt verður t.d. um nemendaráð, skólalóðir, skólabyggingu, skóladagatal, matarmál og það sem skiptir máli fyrir þá aðila sem standa að Lækjarskóla. Skiptihópar fara á milli hópa. Markmiðið er að fá sjónarhorn frá umhverfinu. Nota niðurstöður til að gera umbótaáætlun, hvað má bæta og hvað á að varðveita. Hluti af innra-mati skólans.

-Nemendur koma líka að undirbúningi skólaþings.

-Skólastjóri mun kynna hugmyndir fyrir starfsfólki.

#### 5. Rýnihópur vegna „Ytra-mats“

Verið er að framkvæma Ytra-mat á Lækjarskóla sem utanaðkomandi aðilar sjá um.

Ákveðnir aðilar úr skólanum eru kallaðir til vegna úttektar á Ytra-mati og þar af eru fimm úr skólaráði.

#### 6. Önnur mál

- Nemendur. Fyrirhugað er sleep-over þar sem nemendur munu gista í skólanum eina nótt.

- Fyrirhugað er að hafa Fjölgreindaleika 1.-4. apríl eða 7.-11. apríl.

- Kór Lækjarskóla á afmæli á þessu ári.

- Fyrirhugað er að gefa út blað Lækjarskóla í maí.

- Útskriftarferð hjá 10. bekk má ekki rekast á ferðalag kórsins en hann fer til útlanda í maí.
- Öskudagur, þá er skólinn til kl. 11:00

Fundi slitið kl. 9:20

**Fundinn sátu:**

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Jórunn Kristín Fjedsted, gjaldkeri foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Geir Bjarnason, varafulltrúi grenndarsamfélags í forföllum Hafrúnar Dóru Júlíusdóttur

Hildur Kristjánsdóttir, fulltrúi kennara

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Veiga Dís Hansdóttir, formaður nemendaráðs, fulltrúi nemenda

Davíð Arnar Jónsson, fulltrúi nemenda

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir